



## AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS - ENDURSKOÐUN

*Skipulaghópur – fundur 1*

*22. maí 2017.*

---

### Mættir

Pétur G. Markan (Súðavíkurhreppi), Karl Kjartansson (smábátasjómenn), Salvar Baldursson (hlunnindanýting), Barði Ingibjartsson (Göngufélag Súðavíkur), Guðfinna Hreiðarsdóttir (sumarhúsaeigendur og landeigendur), Jóhanna Kristjánsdóttir (landbúnaður), Kristján G. Jóakimsson (sjávarútvegur), Stephen James Midgley (ferðaþjónusta), Guðmundur B Ragnarsson (Ungmennafélagið Geisli), Gunnar Páll Eydal (Verkís), Erla Bryndís Kristjánsdóttir (Verkís) og Hildur Dagbjört Arnardóttir (Verkís).

Fundur settur kl. 17:00 á skrifstofu hreppsins í Álftaveri

1. Kynning lýsingar. Opinn fundur þar sem lýsing aðalskipulagsins var kynnt. Frestur til að skila inn athugasemdum hefur verið framlengdur til 26. maí 2017.  
Opnum fundi lýkur og nú tekur við fundur skipulagshóps.
2. Afhending gagna. Fundarmenn fengu afhent útprentað eintak af skjalinu skipulagshópur – leiðbeiningar og verklag. Gunnar Páll kynnti innihald skjalsins. Óskað er eftir að mögulegar athugasemdir við það berist sem fyrst eftir þennan fund. Fulltrúar í skipulagshópnum kynna sig og tilgreina fyrir hvað hóp þeir standa. Guðfinna tók fram að hún væri ekki skipuð af formlegu félagi, enda er ekki starfrækjandi sérstakt félag utan um hús- og landeigendur. Hún mun leggja sig fram um að ná til land- og sumarhúsaeigenda. Salvar tók fram að hann væri ekki sérstakur talsmaður veiðifélaga. Fundarmenn telja að bjóða eigi talsmönnum veiðifélaga aðild að hópnum. Meðlimir hópsins fengu blöð þar sem þeir geta skráð allt að fimm mikilvæga þætti sem þeir telja að skoða þurfi í aðalskipulaginu.
3. Hópvinna  
Skráning upplýsinga og viðhorfa, nýting færð inn á loftmyndir. Kynning á fyrirbyggjandi gögnum og viðfangsefnum. Ráðgjafar halda utan um upplýsingarnar og vinna áfram með þær í komandi skipulagsvinnu.

Fundi slitið kl. 19:20

Fundargerð ritaði Gunnar Páll Eydal